

23. nóvember 2015 kl: 19:30



## Stjórnarfundur Foreldrafélags Giljaskóla

Mættir: Berglind Bergvinsdóttir, Elín Eyjólfsdóttir, Ellert Guðmundsson, Guðbjörg Björnsdóttir og Ásrún Hersteinsdóttir. Lilja Gísladóttir fjarv.

Mál sem tekin voru til umræðu:

1. SAMTAKA. Á fundi SAMTAKA í nóvember var rætt um ákveðinn hóp unglinga hér í bænum sem hefur átt það til að vera ógnandi og hvað verið væri að gera til að koma þeim til aðstoðar. Ljóst er að vel er unnið með hópinn og margir fagaðilar vinna saman að því að aðstoða unglingana.
2. Soffía Vagnsdóttir fræðslufulltrúi. Fyrirnefnd mætir á fund SAMATAK 1. desember n.k. til að fara yfir málin hvað þennan unglindahóp varðar. Ellert mætir á þann fund fyrir hönd foreldrafélags Giljaskóla í fjarveru Guðbjargar.
3. Opið hús. Hlynur Birgisson ræddi við stjórn foreldrafélagsins og sagði frá hvernig félagsstarfið gengi í skólanum. Opin hús virðast ganga vel og ekki verið nein vandræði hingað til. Opið hús hefur yfirleitt verið nokkuð vel sótt og er Hlynur ánægður með hátterni unglinganna í Giljaskóla. Var hann beðinn um að láta stjórn foreldrafélagsins vita ef hann óskaði eftir að foreldrar væru meira sýnilegir á opnu húsi, bæði úti og inni í skólanum.
4. Fræðsla á vegum Aflsins. Starfsmenn á vegum Aflsins hafa verið með fræðslu fyrir nemendur í 7. og 9. bekk í skólanum. Vitað er til þess að í sumum skólum sé foreldrum barna í þessum bekkjum boðin svipuð fræðsla til að geta fylgt henni betur eftir heima. Veltum því fyrir okkur á hverju það veltur hvort foreldrar fái fræðslu eða ekki. Er það viðkomandi skóli sem sækir um það eða foreldrafélag skólans.
5. Brettapallar. Rætt um slysaheattu á brettapöllum þar sem litlir krakkar virðist freistast til að renna sér á þeim þegar snjórinn lætur sjá sig. Ella hefur samband við hverfisnefndina og kannar hvort þeir séu til í að setja upp skilti með notkunarreglum við pallana.
6. Forvarnarfræðsla fyrir miðstig. Gaman væri að kanna hvort Ingibjörg Auðunsdóttir og Helga Hauksdóttir hafi tök á að koma og fræða nemendur um mikilvægi góðra samskipta og einelti. Athuga þarf hvað það kostar og hvenær best væri að þær kæmu, þá í samstarfi við kennara á miðstigi.
7. Fótboltavöllurinn. Fótboltavöllurinn verður hreinsaður á næsta ári. Þá verður gúmmikurlið tekið. Rætt um umgengni nemenda á vellinum sem er ekki nægjanlega góð, nemendur skilja eftir rusl á vellinum, hrækja í grasið o.s.frv.
8. Bekkjarfulltrúar. Það eru fáir búnir að sækja peninginn. Biðlum við til bekkjarfulltrúa um að standa sig í að halda bekkjarviðburði fyrir börnin.

Næsti fundur verður mánudaginn 18. janúar klukkan 19:30.

Fundi slitið kl. 20:30.

Fundarritari: Berglind Bergvinsdóttir